




Banaslys 16.12.2006

Álftanesvegur austan Bessastaða
Útafakstur
Látinn 24 ára karlmaður
Tími sólarhrings: Nótt

Lýsing á slysi

Slysið varð á Álftanesvegi skammt austan við afleggjara að Bessastöðum. Ökumaður Toyota fólksbifreiðar ók vestur Álftanesveg um miðnætti. Myrkur var og hálka á veginum, en hann er upplýstur. Ökumaður ók of hratt miðað við aðstæður. Missti hann stjórn á bifreið sinni í hægri beygju eftir að hafa tekið fram úr annarri bifreið. Ökumaður þeirrar bifreiðar segir að ökumaður Toyota bifreiðarinnar hafi ekið þétt á eftir sér þar til færi gafst á framúrakstri. Þá hafi hann ekið hratt fram úr sér og verið á öfugum vegarhelmingi nokkra stund áður en hann rásaði á veginum og ók útaf.

Við útafaksturinn valt bifreiðin og kviknaði eldur sem dró manninn til dauða. Áfengis- og lyfjarannsókn leiddi í ljós að maðurinn var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð. Ekki er vitað hvort ökumaðurinn notaði bílbelti.



Horft vestur Álftanesveg í akstursstefnu ökumanns Toyota bifreiðarinnar. Bifreiðin fór útaf hægra megin, yfir göngustíg, í gegnum girðingu, valt í grýttum móa og við það kom upp eldur í henni.

Toyota bifreiðin var skoðuð af bíltæknisérfræðingi. Taldi hann verulegar líkur á að eldur hafi fyrst kviknað þegar tvö göt mynduðust fremst á bensíngeymi þegar ökutækið lenti ofan á steini við útafaksturinn og bensínið úðast yfir púströrið. Ekki voru vísbendingar um að orsök slyssins mætti rekja til ástands ökutækisins fyrir slysið.



Örin vísar á grjót sem fólksbifreiðin fór yfir

Orsakagreining

- Ökumaður var ölvaður og ók of hratt miðað við aðstæður
- Bifreiðin lenti á stórgrýti í umhverfi vegar
- Eldur kom upp í bifreiðinni og var dánarorsök ökumanns bruni

Ábendingar

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar fyrri ábendingar um hraðakstur og ölvunarakstur sem eru helstu orsakir banaslysa í umferðinni undanfarin ár.

31.5.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa